

Nd.

89. Nefndarálit

Frá Dýrtiðarnefndinni.

Nefnd sú, sem neðri deild Alþingis kaus til að íhuga og gera tillögur til Alþingis um dýrtiðarráðstafanir o. fl., leyfir sjer hjer með að koma fram með álit sitt.

Um það leyti sem Norðurálíuófríðurinn hófst, sat Alþingi á aukafundi. Þótti þá rjett og sjálfsagt að gefa landsstjórninni þá þegar heimild til ýmsra ráðstafana, sem miðuðu að því, að firra landið og þjóðina vandræðum, sem menn þá ætluðu að orðið gætu út af ófríðnum. Var það gert með lögum nr. 9, 1. ágúst 1914. Auk ýmsra heimilda, sem landstjórninni eru gefnar í lögum þessum, er jafnframt sett á fót 5 manna nefnd, er sameinað Alþingi kýs, landsstjórninni til ráðuneytis. Samkvæmt 5. gr. laganna skyldu þau ganga úr gildi, er næsta Alþingi kæmi saman. Eru þau því nú úr gildi gengin.

Nefndin lítur nú svo á, að lög þessi hafi komið að góðum notum og full ástæða sje til þess, að til sjeu heimildarlög fyrir landsstjórnina, sem fari í líka átt.

Nefndin hefir því tekið sjer fyrir hendur, að semja frumvarp til slíkra laga og leggur til að deildin samþykki það *sem allra fyrst*.

Nefndin hefir bygt á lögum nr. 9, 1. ágúst 1914, en þó breytt þeim í ýmsum atriðum. Til betra yfirlits eru lög 1. ágúst 1914 prentuð sem fylgiskjal með nefndarálitinu.

Breytingar þær, sem á hafa verið gerðar, leiða sumpart af sjálfu sjer

(breytt orðfæri, burtfelling 4. tl. 2. gr.); sumpart felast í þeim ítarlegri ákvæði um framkvæmd laganna; loks er nokkrum þeirra ætlað að gera við hættum, sem þykja vofa yfir nú, en eigi þóttu yfirvofandi í byrjun ófriðarins. Á þetta sjerstaklega við 2. og 3. málsgrein 3. greinar frumv.

Eins og kunnugt er hafa flestar íslenskar afurðir hækkað mjög mikið í verði á erlendum markaði. Af því hefir aftur leitt aukinn útflutning á ýmsum afurðum, frá því sem venjulegt er, og má búast við enn auknum útflutningi. Meiri hluti nefndarinnar lítur svo á, að til þess geti komið, að svo mikið verði flutt út af ýmsum innlendum vörutegundum, að af geti orðið skaðleg þurð á þeim í landinu sjálfu og jafnvel stafað háski af, ef eigi er heimilt fyrir landsstjórnina að taka í taumana. Telur því meiri hlutinn brýna þörf á því, að heimila landsstjórninni að hefta útflutning íslenskra afurða, einna eða fleiri, að nokkru eða öllu leyti, ef þörf gerist. Þetta er aðeins *heimild*, sem ætlast er til, að eigi verði notuð nema stjórnin telji brýna þörf á. Væntir meiri hlutinn, að með því móti megi tryggja landsmönnum nægar birgðir, t. d. af kjöti og fiski.

Minni hlutinn lítur á þessi ákvæði nokkuð á annan veg, og mun hann gera grein fyrir því áliti sínu sjerstaklega.

Að öðru leyti er eigi ágreiningur í nefndinni um frumvarpið. Í framsöggunni mun gerð frekari grein fyrir ýmsum atriðum frumvarpsins.

Nefndin leggur áherslu á, að flýtt verði sem mest framgangi frumv. þessa á þinginu.

Til þess að ljetta undir fyrir mönnum, að afla sjer matvæla í haust og vetur, vill nefndin leggja til þá bráðabirgðaráðstöfun að breyta fuglafriðunarlögunum í líkt horf sem þau voru, áður en lög nr. 59, 10. nóv. 1913, gengu í gildi og láta þá breytingu haldast meðan ófriðurinn stendur. Með því verður meðal annars heimilt að skjóta rjúpur á komandi hausti, og auk þess nokkrar aðrar fuglategundir, sem góðar eru til matar, en friðaðar voru með lögum 10. nóv. 1913. Með því að hjer er að eins um að ræða bráðabirgðabreytingu og nógildandi fuglafriðunarlög ganga í gildi, þegar ófriðnum ljettir, er það einróma álit nefndarinnar að ráðstöfun þessi sje eigi athugaverð.

Neðri deild Alþingis, 24. júlí 1915.

H. Hafstein,
form.

Sveinn Björnsson,
skrifari.

Jón Magnússon.

Með skírskotun til sjerstaks nefndarálits.

Benedikt Sveinsson.

Þorleifur Jónsson.

Fylgiskjal.

L Ö G

um ráðstafanir, til þess að tryggja landið gegn hættu, sem stafað geti af ófriði í Norðurlálfu.

1. gr.

Sameinað Alþingi, kýs jafnskjótt sem verða má, 5 manna nefnd, til þess að vera landsstjórninni til ráðuneytis um ráðstafanir til að tryggja landið gegn hættu, sem því geti stafað af ófriði stórvelda í Norðurlálfu.

2. gr.

Í þessum tilgangi heimilast stjórninni, ef þörf gerist:

1. Að kaupa frá útlöndum fyrir landssjóðs hönd hæfilegar birgðir af nauðsynjavöru, svo sem korni, kolum, salti, steinolíu, vjelaolíu, veiðarfærum, læknislyfjum o. s. frv.
2. Að verja til slíkra kaupa handbæru fje landssjóðs, er hann má missa frá öðrum lögmæltum útgjöldum, sbr. þó 4. lið.
3. Að taka enn fremur alt að 500 þúsund króna lán til slíkra kaupa.
4. Að stöðva fjárgreiðslur þær, sem taldar eru í fjárlögum fyrir árin 1914 og 1915 í 13. grein, B. II—XVIII, svo og allar lánveitingar úr viðlagasjóði, er heimilaðar eru í fyrgreindum fjárlögum, þó svo að eigi komi í bága við þessar gjörða samninga og ráðstafanir um verk eða loforð um lánveitingar á þessu ári.

3. gr.

Landsstjórninni er og heimilt, að leggja bann að einhverju leyti eða öllu við útflutningi eða sölu úr landi á öllum aðfluttum nauðsynjavörum, svo sem matvælum, veiðarfærum, salti, kolum, o. s. frv., ef slík ráðstöfun skyldi reynast nauðsynleg vegna yfirvofandi eða hafins Norðurlálfu-ófriðar. — Þó má eigi meina skipum að taka hjer kol eða aðrar birgðir, er þeim eru nauðsynlegar til þess að komast heim til sín.

Á sama hátt heimilast landsstjórninni að leggja bann við útflutningi íslenskra matvæla, ef aðflutningur til landsins af útlendum matvörum heftist svo, að til voða horfi fyrir landsmenn.

Heimilt er stjórninni enn fremur að ákveða í reglugjörð refsingar fyrir brot gegn þessari grein.

4. gr.

Landsstjórnin ákveður, hvort gera skuli framangreindar ráðstafanir og hvenær, svo og á hvern hátt skuli ráðstafa birgðum þeim, sem keyptar kunna að verða samkvæmt lögum þessum, og hvernig skuli selja þær.

Enn fremur má landsstjórnin, ef almenningsþörf í einhverju bygðarlagi krefur, taka eignarnámi matvæli og eldsneyti hjá kaupmönnum eða framleiðendum, enda komi fult endurgjald fyrir.

5. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað og gilda þar til næsta Alþingi kemur saman.